

Þriðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 121/1960. Ákærvaldið (Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Hafliða Hafliðasyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tolllagabrot og áfengislaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði tilgreindi á ófullnægjandi hátt tollskyldan varning sinn á skipverjaskrá og sagði tollmönnum eigi til nokkurs hluta varningsins, er þeir spurðu hann um tollskyldan varning. Varðar þetta atferli ákærða við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir.

Innflutningur ákærða á áfengi varðar við þau lög, sem í héraðsdómi segir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 sekt til ríkissjóðs, er afplánist með tveggja mánaða varðhaldi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt lagaboðum þeim, öðrum en 69. gr. laga nr. 19/1940, er greind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um upptöku.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hafliði Hafliðason, greiði kr. 25.000.00 sekt til ríkissjóðs, sem afplánist tveggja mánaða varðhaldi, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku varnings og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 12. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2147/1960: Ákærvaldið gegn Hafliða Hafliðasyni, sem dómtekið var 8. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 24. febrúar síðastl., gegn Hafliða Hafliðasyni vélstjóra, Miklubraut 32, hér í bæ, fyrir að hafa:

I.

Með e/s Goðafossi, sem kom til Reykjavíkur frá New York laugardaginn 21. nóvember s.l., haft með sér sex kassa, sem innihéldu naglalakk og uppleysara, alls 72 tylftir af varningi þessum, án þess að tilgreina þá eða án þess að tilgreina þá nægilega á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi, en hann gat um pakka þessa munnlega við tollgæzlumann við komu skipsins, og á greindri skrá gaf hann upp „dót til heimilsþarfa. Pakkar“, svo og fyrir að hafa flutt pakka þessa án heimildar tollvarða úr dekkhúsi og inn í herbergi sitt í skipinu, og enn fremur fyrir að hafa í þessari ferð e/s Goðafoss haft með sér frá New York hingað til bæjarins 100 tylftir lindarpenna, kúlupenna og skrúfblýanta, 65 tylftir stórar fyllingar og 800 tylftir litlar fyllingar í ritfæri, 18 tylftir crepe nylon kvensokka, 59 tylftir kvenpeysur og 9 tylftir crepe sokkabuxur, án þess að gefa varning þenna upp við tollverði og án þess að útfylla nefnda skrá á annan veg en að framan getur, en að kvöldi greinds laugardags fundu tollverðir varning þenna í herbergi ákærða í skipinu, á við og dreif um herbergið, sumt í rúmum, annað í skúffum, og loks nokkuð af varningnum, sem pakkað hafði verið inn, á gólfinu í herberginu.

Teljast framangreind brot ákærða varða við 2. mgr. 22. gr. sbr. 42. gr. og við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu

og tolleftirlit svo og við 1. mgr. sbr. 3. tl. 2. mgr. 34. gr. og 3. tl. 36. gr. sbr. 1. mgr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

II.

Með e/s Goðafossi, sem kom hingað til Reykjavíkur föstudaginn 15. janúar s.l. frá Rotterdam, haft meðferðis 14 heilflöskur af whisky og 3 heilflöskur af genever án þess að gefa varning þenna upp við tollverði eða geta hans á greindri skrá, enda var áfengið falið milli þils og veggja í herbergi ákærða í skipinu.

Telst brot þetta varða við 3. mgr. sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að allur framangreindur varningur, þar með talið áfengi, verði gerður upptækur samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 3. tl. i.f. 33. gr. áfengislaga, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. nóvember 1902 að Stakkhamri í Hnappadalssýslu. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1923 19/5 Sátt, sekt 400 kr. fyrir áfengissmygl.
- 1937 27/9 Sátt, sekt 200 kr. fyrir áfengissmygl.
- 1938 6/12 Sátt, sekt 100 kr. fyrir brot á 36. gr. laga nr. 63 1937, innfluttar vörur gerðar upptækar.
- 1948 29/5 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1949 16/6 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1950 24/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1952 25/8 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 22. gr. bifreiðalaga.
- 1953 21/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1956 28/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1958 9/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1958 18/6 Sátt, 150 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1959 24/11 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Þann 21. nóvember fyrra ár kom m/s Goðafoss til Reykjavíkur frá New York. Við tolleftirlit í skipinu komu í ljós 6 pakkar í svokölluðu dekkhúsi skipsins, sem er bakborðsmegin.

Voru pakkarnir merktir: P. No. 1658/10, 1662/12, 1658/9, 1662/10, 1662/9 og 1658/5, en engin frekari auðkenni á þeim, að því er fram hefur komið. Í pökkum þessum reyndust vera 72 tylftir naglalakk og uppleysari. Í ljós kom, að eigandi þeirra var Hafliði Hafliðason, I. vélstjóri á skipinu, ákærði í máli þessu. Samkvæmt skýrslu Felix Jónssonar yfirtollvarðar hafði ákærði skýrt honum frá því munnlega, að á hans vegum væru nokkur colli á þessum stað, en ókunnugt um innihald þeirra, eins og það er orðað í skýrslu Felix. Á svipuðum tíma komu pakkarnir fram við leit og voru bókaðir óuppgefnir af Sigurði Jónssyni tollverði. Tollgæzlumenn tóku kassana í sína vörzlu, að því er segir í skýrslu Felix, en ekki var þar á það minnst, eins og síðar kom fram, að ákærði lét flytja pakkana úr dekkhúsinu niður í híbýli sín í skipinu, eftir að Sigurður Jónsson hafði fundið þá í dekkhúsinu. Tók tollgæzlan þá í sína vörzlu í híbýlum ákærða.

Síðar um daginn framkvæmdu tollgæzlumenn leit í herbergi ákærða í skipinu, og fannst þá eftirtalinn varningur:

100 tylftir sjálfblekungar, kúlupennar og skrúfblýantar, þar af voru 480 sjálfblekungar, 360 skrúfblýantar og 360 kúlupennar.

65 tylftir stórar pennafyllingar.

8000 stk. litlar pennafyllingar.

18.1 tylft eða 217 pör crepe nylon kvensokkar.

59 stk. kvenpeysur.

9 stk. crepe sokkabuxur.

Við komu skipsins hafði ákærði ritað á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi, að hann hefði eftirfarandi meðferðis: 8 flöskur af sterkum drykkjum, 2 flöskur af öðru áfengi, 100 vindla, 600 vindlinga og ½ kg af öðru tóbaki, og í dálkinn yfir aðrar vörur, þar sem segir, að tilgreina skuli nákvæmlega tegund vöru og ávallt magn og tölu, en annað sé ófullnægjandi, hefur ákærði ritað „Dót til heimilisþarfa. Pakkar“.

Verður nú rakið það, sem ákærði og vitnin í þessu mál hafa borið.

Ákærði hefur skýrt frá því, að framanskráðan varning hafi hann keypt í New York, er m/s Goðafoss var þar í nóvember s.l. Til kaupanna notaði ákærði sjómannagjaldeyri svonefndan. Varningurinn átti að sögn ákærða að fara í tækifærisgjafir, er heim kæmi. Ákærði færði varninginn á skrána yfir skipverja og varning þeim tilheyrandi, eins og að framan hefur verið

rakið. Það fyrirferðarmesta af varningnum var í 6 pökkum, sem geymdir voru í dekkhúsi, en hinn hluti hans var í smá-pökkum í herbergi ákærða. Voru pakkarnir á síðarnefndum stað geymdir í botni á klæðaskáp, í skúffum, ofan á dýnunni í rúmi ákærða og ofan á bókaskáp. Varningurinn var á engan hátt falinn, að sögn ákærða. Áður en tollleit hófst í skipinu að morgni umrædds dags, kveðst ákærði hafa skýrt Felix Jónssyni yfirtollverði frá pökkunum í dekkhúsinu. Var það ætlun ákærða, að þeir færu allir upp í tollbúð til afgreiðslu. Gerði ákærði þetta, vegna þess að pakkarnir voru ekki í hans vörzlu. Ákærði gat ekki um pakkana í herbergi sínu við Felix Jónsson yfirtollvörð, vegna þess að ákærði vissi, að tollverðir mundu koma í herbergi sitt og framkvæma þar leit. Er ákærði taldi, að tollskoðuninni væri lokið, fékk hann pilt, sem hann gat ekki tilgreint, til að bera pakkana úr dekkhúsinu niður í káetu sína. Er þangað kom, lagði ákærði þá á rúm sitt. Ákærði fór í land nokkru fyrir hádegi með óhrein föt og fleira, en skildi alla pakkana eftir. Áður en ákærði fór, komu tollverðir niður í herbergi hans og spurðu eftir pökkunum úr dekkhúsinu. Ákærði afhenti þeim pakkana þar. Ákærði hafði skamma viðdvöl í landi og fór síðan út í skipið. Lagði hann sig þar, þar sem hann var ósofinn og svaf þar til klukkan langt gengin 1800, er tollverðir komu á vettvang og gerðu leit í herbergjum hans. Tóku þeir það, sem eftir var af varningi þeim, sem ákærði hafði meðferðis, eins og að framan hefur verið rakið. Ákærði kveðst hafa ætlað að koma öllum varningnum til tollgæzlunnar, en það hafi dregizt hjá sér, vegna þess að hann lagðist til svefns um daginn. Ákærði skýrði frá því, að með orðinu „Pakkar“ í uppgjöf sinni, er að framan greinir, hafi hann átt við bæði pakka þá, sem voru í dekkhúsinu, og einnig pakka þá, er voru í herbergjum hans. Jafnframt tók ákærði fram, að hann hefði verið með dót til heimilisþarfa. Ákærði kveðst hafa haft meðferðis í umræddri ferð nokkra gjafapakka frá fólki í Ameríku til fólks hér í bæ í umrætt skipti. Greiddur var tollur af varningi þeim, sem var í pökkunum, og þeir síðan afhentir viðkomandi fólki umyrðalaust, að sögn ákærða. Ákærði kveðst vera búinn að vera vélstjóri á skipum Eimskipafélags Íslands h/f s.l. 35 ár.

Vitnið Sigurður Jónsson tollvörður skýrði frá því, eins og síðar mun rakið, að það hefði fundið pakkana í dekkhúsinu. Komst það að raun um, að ákærði var eigandi þeirra, og hafði tal af honum. Kveðst vitnið hafa bannað ákærða að hreyfa við pökk-

unum. Er ákærði var spurður um þetta, skýrði hann svo frá, að hann minnst þess ekki, að vitnið hafi sagt sér, að pakkarnir ættu að vera kyrrir í dekkhúsinu og ekki mætti hreyfa þá þaðan. Kveðst ákærði því verða að mótmæla þessum framburði vitnisins. Ákærði tók fram, að hann hafi fjarlæggt pakkana úr dekkhúsinu til öryggis, þar sem hann hafði orðið þess var, að pakkar, sem geymdir voru þar, höfðu verið opnaðir og tekið úr þeim.

Vitnið Felix Jónsson yfirtollvörður, Baldursgötu 7, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi haft á hendi tollafgreiðslu í m/s Goðafossi, er hann kom hingað til lands frá New York framangreindan dag. Sigurður Jónsson tollvörður hafði hins vegar með höndum yfirstjórn tollleitar í skipinu. Áður en leitinn hófst í skipinu, kvað vitnið ákærða hafa skýrt sér frá pökkunum í dekkhúsinu. Gerðist það fyrir framan dýrnar á matsal I. farrýmis. Vitnið mundi ekki fyrir víst, hvort ákærði minntist á það, hve margir pakkarnir væru, en minnir, að svo hafi verið. Þá taldi vitnið, að ákærði hefði skýrt sér frá innihaldi pakkanna. Vitnið leit þannig á, að með því að skýra sér frá pökkunum væri ákærði að gefa þá upp, og ekkert hafi bent til þess, að hann ætlaði að leyna þeim. Vitnið fór ekki upp í dekkhúsið að líta á pakkana. Vitnið kveður það vera starfsvenju hjá tollvörðum að kæra ekki út af því, þótt skipverjar hafi meðferðis varning við komu frá útlöndum, sem ekki er á skrá, ef varningurinn liggur frammi og þeir skýra tollvörðum frá honum. Er þá miðað við það, er tollgæzlumenn koma í vistarverur skipverja. Ákærði minntist ekki á neina pakka, sem væru í herbergi hans, og tók vitnið fram í því sambandi, að það hefði ekki haft með höndum leit í skipinu, eins og áður greinir. Vitnið kveðst ekki hafa haft samband við tollverði, fyrr en eftir að Sigurður Jónsson tollvörður hafði orðið pakkanna var við sína leit. Skýrði vitnið því engum tollverði frá vitneskju sinni um pakkana. Vitnið minntist ekki á það við ákærða, að hann mætti ekki hreyfa við pökkunum og að afhenda ætti þá tollgæzlunni. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að neinn hafi hlustað á samtal þeirra ákærða, er ákærði skýrði því frá pökkunum. Vitnið hafði engin afskipti af leitinni hjá ákærða síðar umræddan dag.

Vitnið Sigurður Jónsson tollvörður, Goðheimum 6, hefur skýrt frá því, að er það gerði leit í m/s Goðafossi ofan þilja í umrætt skipti hafi það séð 6 pakka í dekkhúsinu. Voru þeir innan um aðra pakka og á engan hátt faldir. Vitnið fór að grennslast nánar um það, hver væri eigandi pakkanna, og fékk þær upplýsingar

hjá manni úr vélarrúmi, að ákærði Hafliði ætti þá. Vitnið hafði tal af ákærða, og viðurkenndi hann strax fyrir vitninu, að hann ætti pakkana. Vitnið kveðst hafa skýrt ákærða frá því, að pakkarnir ættu að vera kyrrir á sínum stað, þar sem þeir væru komnir í vörzlu tollgæzlunnar, og ekki mætti hreyfa þá, fyrr en tollgæzlumenn kæmu og flyttu þá upp á tollbúð, er að landi kæmi. Þetta minnst ákærði ekki að hafa heyrt vitnið segja, eins og áður hefur verið rakið. Er skipið var komið upp að bryggju, varð vitnið vart við það, að pakkarnir voru horfnir. Fór vitnið þá strax niður í herbergi ákærða og hitti hann þar að máli. Voru pakkarnir þar, og tók vitnið þá í sína vörzlu og lét flytja þá í land. Er vitnið kom til ákærða, var fólk inni hjá honum. Vitnið kveðst eingöngu hafa verið með hugann við pakkana og hugði ekki að öðrum varningi hjá ákærða. Varð vitnið ekki vart við það, að ákærði hefði í fórum sínum óeðlilega mikið af varningi. Að kvöldi umrædds dags var gerð leit í híbýlum ákærða í skipinu, og fannst þá viðbótarvarningur sá, sem áður hefur verið skýrt frá. Var varningurinn á við og dreif um herbergi ákærða, sumt uppi í rúmunum, annað í skúffum, og loks var varningur á gólfinu, sem settur hafði verið í umbúðir. Ákærði viðurkenndi strax að eiga varning þenna. Vitnið kveðst hafa kært út af pökkunum 6 í dekkhúsinu, vegna þess að ákærði hafði látið flytja þá á brott úr dekkhúsinu, en það var vitnið búíð að banna honum, eins og áður greinir. Vitnið kveður stundum koma fyrir, að skipverjar tilgreini ekki á skrá varning, sem þeir hafa meðferðis, en tilkynni tollgæzlumönnum það munnlega. Er þá yfirleitt um smáræði að ræða til heimilisþarfa, og láta tollgæzlumenn það gott heita, er þannig stendur á. Vitnið tók fram, að það hefði innsiglað dekkhúsið, ef það hefði haft minnsta grun um, að ákærði mundi taka pakkana þaðan. Vitnið tók og fram, að leit í skipum mundi vera illframkvæmanleg að sínu áliti, ef skipverjum væri stætt á því að flytja til varning, sem tollgæzlumenn væru búnir að taka í sínar hendur.

Vitnið Sigurður Sigurðsson tollvörður, Dreka­vogi 16, hefur skýrt frá því, að það hafi við leitina í m/s Goðafossi í margnefnt skipti séð pakkana í dekkhúsinu ásamt fleira dóti. Vitnið vissi þá ekki um eiganda þeirra. Þegar taka átti pakkana, er skipið kom upp að bryggju, voru þeir horfnir úr dekkhúsinu. Vitnið fór með Sigurði Jónssyni til herbergis ákærða, og fór Sigurður inn til ákærða og sótti pakkana og bar þá fram á ganginn. Þar tók vitnið við nokkru af pökkunum og flutti þá síðan með Sig-

urði í land. Um kl. 1800 fóru vitnið og Sigurður til herbergis ákærða vegna gruns um það, að hann hefði smyglvörur meðferðis. Virtist ákærði vera sofandi, er þeir komu á vettvang. Varningur sá, er tollgæzlumennirnir tóku af ákærða í umrætt skipti, var á við og dreif um herbergið algerlega ófalin. Vitnið kvað varning þenna ekki hafa verið gefinn upp, eins og fram hafi komið í gögnum frá tollgæzlunni.

Vitnið Jónas Guðmundsson tollvörður, Ránargötu 22, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi ásamt Guðmundi Þóroddssyni tollverði gert tolleit í híbýlum vélamanna í m/s Goðafossi í umrætt skipti. Var um yfirlitsleit að ræða eða fyrstu umferð við leitina, og fór hún fram á ytri höfninni. Gerð var leit í klefum undirvélstjóra og hirzlum þeirra. Er til ákærða kom, litu þeir aðeins inn í vistarverur hans í skipinu, en framkvæmdu ekki leit í hirzlum. Ekkert var að sjá inni hjá ákærða, sem tollgæzlumennirnir töldu ástæðu til að skipta sér af. Þeir spurðu ákærða eftir því, hvort hann hefði meðferðis tollskyldar vörur. Sagði ákærði þá, að hann hefði ekki, eins og þeir sæju, annað meðferðis en smávegis til heimilisþarfa. Ákærði minntist ekki á pakkana í dekkhúsinu við vitnið og Guðmund.

Vitnið Guðmundur Þóroddsson tollvörður, Básenda 11, hefur skýrt frá því, að um yfirlitsleit hafi verið að ræða hjá þeim Jónasi, en ekki fullnaðarleit með verkfærum. Gerð var leit í vistarverum vélstjóra og hirzlum þeirra. Er til ákærða kom, litu þeir inn í vistarverur hans í skipinu, en framkvæmdu ekki leit í hirzlum. Vitnið kveðst ekkert hafa séð inni hjá ákærða fram yfir það, sem eðlilegt var, að hann hefði meðferðis. Tollgæzlumennirnir spurðu ákærða að því, hvort hann hefði meðferðis fyrir sjálfan sig tollskyldar vörur eða pakka til manna í landi, sem hann hefði verið beðinn fyrir. Sagðist ákærði ekki hafa neitt meðferðis, sem máli skipti. Ef svo hefði verið, kveður vitnið tollgæzlumennina mundu hafa tekið það þá og flutt síðar upp á tollbúð. Ekki minntist ákærði neitt á pakkana í dekkhúsinu í umrætt skipti.

Samkvæmt tollinnflutningsskýrslu nam verð naglalakksins og uppleysarans í pökkunum 6 samtals kr. 21.826.00, en tollverðið eða FOB-verðið er talið kr. 4.500.00 þar af, miðað við þáverandi gengi. Verð varningsins, sem fannst í herbergi ákærða, nam kr. 43.128.00, og er tollverð hans talið kr. 20.000.00 af upphæðinni.

Mál þetta var sent til umsagnar tollgæzlustjóra. Kvaðst hann líta svo á, að allir munir og farangur, sem skipverjar hafa með

sér frá útlöndum og tollskyld kann að vera, skuli vera nægilega tilgreindir á skrá þeirri, sem til þess sé ætluð og alltaf er krafist af skipverjum í fyrstu höfn héraendis. Hélt tollgæzlustjóri því fram, að munnleg uppgjöf við tollverði sé samkvæmt því ófullnægjandi og enn fremur óákveðin tilgreining varnings á skýrslunni, svo sem: Pakkar, ýmislegt smádót, enda sé greinilega tekið fram á skýrslunni, að þar skuli gefin upp tegund, magn og tala varnings, en annað teljist ófullnægjandi og varði refsingu. Kvaðst tollgæzlustjóri telja, að fyrir framkvæmd tollgæzlunnar sé nauðsynlegt, að haldið sé fast við þá reglu, að uppgjöf skipverja á því, sem þeir hafa meðferðis, sé skrifleg og nákvæm, svo af hinni skriflegu skýrslu verði glöggt ráðið um vörumagn og vörutegund.

Kvað tollgæzlustjóri það ekki breyta að sínum dómi refsinaemi þess að segja rangt eða ónákvæmt frá í hinni skriflegu skýrslu, þótt tollverðir kunni að hafa felld niður í einhverjum tilfellum að kæra slíka ónákvæmni og látið munnlega leiðréttingu eða skýringu á skýrslunni nægja. Þeir geta að sjálfsgöðu ekki breytt þeim fyrirmælum, sem þeim eru beinlínis sett til að fara eftir, með því einu að framfylgja þeim ekki fyllilega.

Sú villa varð í tollgæzluskýrslu, er Felix Jónsson yfirtollvörður hefur undirritað, að ákærði var talinn hafa haft meðferðis 800 tylftir af stórum pennafyllingum, 18 tylftir af crepe nylon kvensokkum, 59 tylftir af kvenpeysum og 9 tylftir af crepe sokkabuxum. Hið rétta er samkvæmt leiðréttingu frá tollgæzlustjóra á skýrslunni, að ákærði hafði meðferðis 8000 stk. pennafyllingar, 18.1 tylft crepe nylon kvensokka, 59 stk. kvenpeysur og 9 stk. crepe sokkabuxur. Ákæruskjalið var samið samkvæmt framangreindri skýrslu Felix. Ber samkvæmt framansögðu að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

Varningur sá, er ákærði hafði meðferðis í umrætt skipti, var ýmiss konar hátollaður smávarningur, sem bersýnilega hefur verið ætlaður til sölu, en ekki dót til heimilisparfa, eins og álykta má af uppgjöf ákærða á skipverjaskránni. Lítur dómurinn því svo á, að með uppgjöf sinni „Dót til heimilisparfa. Pakkar“ hafi ákærði gefið ófullnægjandi og villandi upplýsingar um varninginn til tollgæzlunnar. Ekki var það heldur að álit dómshins fullnægjandi uppgjöf, þótt ákærði skýrði Felix Jónssyni yfirtollverði munnlega frá varningnum, eins og ákærði og Felix hafa skýrt frá. Í 3. tl. 36. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolfteftirlit er svo fyrir mælt, að skipverjar skuli á skipverjaskrá skýra frá ýmsum varningi, og er þar talinn upp

sérstaklega ýmiss konar hátollaður varningur, sem þeir kunni að hafa meðferðis til landsins, og hvers konar varningur, sem er umfram íverufatnað og venjulega persónulega muni, enda séu munir þessir eða varningur ekki færðir á aðalfarmskrá skipsins. Er þannig augljóst af ákvæði þessu og eins ber skipverjaskráin það greinilega með sér, að skipverjar skuli tilgreina á henni skýrt og afdráttarlaust varning, sem þeir hafa meðferðis, eftir tegundum og magni.

Að því er varning þann, sem ákærði hafði meðferðis í herbergi sínu, varðar, þá var sá varningur að vísu ekki falinn, en ákærði framvísaði honum ekki við tollgæzlumenn og neitaði að hafa meðferðis nokkurn tollskyldan varning, er tveir tollverðir komu í herbergi hans og spurðu hann um það.

Eins og áður er rakið, lét ákærði flytja pakkana 6 úr dekkhúsinu án leyfis tollgæzlunnar í híbýli sín í skipinu, eftir að tollgæzlumenn höfðu tekið þá í sínar hendur, og vitnið Sigurður Jónsson tollvörður hefur borið, að það hafi verið búið að banna ákærða að hreyfa þá. Verður að líta þannig á, að umræddur flutningur hafi verið gerður í því skyni að villa um fyrir tollgæzlumönnum, enda þótt ákærði hafi borið, að hann hafi gert þetta af ótta við, að farið yrði í pakkana og tekið úr þeim.

Með framanskráðu atferli sínu þykir ákærði hafa orðið brotlegur gegn 2. mgr. 22. gr. sbr. 42. gr. og við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolfteftirlit svo og við 1. mgr. sbr. 3. tl. 2. mgr. 34. gr. og 3. tl. 36. gr. sbr. 1. mgr. 102. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolfteftirlit.

II.

Er m/s Goðafoss kom frá Rotterdam, Antwerpen og Hull þann 15. janúar s.l. gaf ákærði Hafliði Hafliðason það upp á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi, að hann hefði meðferðis: 48 flöskur af öli með yfir 2¼% vínanda, 8 flöskur af sterkum drykkjum, 1 flösku af öðru áfengi, 50 vindla, 400 vindlinga og 1 kg. af öðru tóbaki og auk þess ýmislegt til heimilisnotkunar. Við leit í herbergjum ákærða fundust auk þess milli þils og veggja 3 flöskur af Seagrams Whisky, 3 flöskur af Hultskamp Genever og 11 flöskur af Haigs Whisky, sem ákærði hafði ekki gefið upp. Ákærði viðurkenndi fyrir tollgæzlumönnum að eiga áfengi þetta.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt áfengið, er fannst við leitina, úti í Hollandi og Belgíu í janúar s.l. Ákærði faldi áfengið milli þilja í herbergjum sínum bak við lausa fjöl.

Hann gaf áfengið ekki upp á skipverjaskrána, eins og að framman greinir. Ákærði kveðst hafa ætlað áfengið til risnu, er í landkæmi, en neitaði að hafa ætlað það til sölu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er nægilega sannað, að ákærði flutti ólöglega inn áfengi það, er að framan greinir. Hefur hann þar með orðið brotlegur gegn 3. gr. sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

III.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 2. tl. i.f. 33. gr. áfengislaga skal eftirtalinn varningur, er að framan greinir, gerður upptækur til ríkissjóðs:

- 72 tylftir naglalakk og uppleysari.
- 9 crepebuxur.
- 217 pör crepesokkar.
- 59 peysur.
- 65 tylftir af stórum fyllingum í kúlupenna.
- 8000 litlar fyllingar í kúlupenna.
- 480 sjálfblekungar.
- 360 skrúfblyantar.
- 360 kúlupennar.
- 3 flöskur Seagrams Whisky.
- 3 flöskur Hultskamp Genever.
- 11 flöskur Haig's Whisky.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hafliði Hafliðason, greiði 30.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftirtalinn varningur skal gerður upptækur til ríkissjóðs:

72 tylftir naglalakk og uppleysari, 9 crepebuxur, 217 pör crepesokkar, 59 peysur, 65 tylftir stórar kúlupennafyllingar,

8000 litlar kúlupennafyllingar, 480 sjálfblekungar, 360 skrúfblýantar, 360 kúlupennar, 3 flöskur Seagrams Whisky, 3 flöskur Hultskamp Genever, 11 flöskur Haig's Whisky.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 186/1960. Ákæruvaldið (Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Georg Sigurvaldasyni (Baldvin Jónsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið bifreið að faranótt 9. apríl 1960, eftir að hafa neytt vins, enda hafi hann fundið lítillega til áhrifa áfengis. Reyndust „reducerandi“ efni í blóði hans 0.87‰. Með þessu hefur ákærði gerzt sekur við ákvæði 2. sbr. 3. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. málsg. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Húnavatnssýslu 23. maí 1958 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í 3 mánuði fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Þar sem nú er um ítrekað brot að ræða, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. málsg. 80. gr. laga nr. 26/1958 og ítrekunarákvæði 45. gr. laga nr. 58/1954. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber og samkvæmt 3. málsg. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. málsg. 24. gr. laga nr. 58/1954 að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.